

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**
Sendandi: **Utanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **14.06.2022**
Málsnúmer: **UTN22060080**
Bréfalykill: **03.G.002**

Efni: Ábendingar utanríkisráðuneytisins varðandi þingsályktunartillögu um vistmorð, 483. mál, 152. löggjafarþing 2021-2022.

Ráðuneytið vísar til tillögu til þingsályktunar um vistmorð sem mælt var fyrir á Alþingi 13. júní sl. og vísað til allsherjar- og menntamálanefndar.

Ráðuneytið vill vekja athygli á að hluti tillögu að ályktunarorðum varðar alþjóðasamstarf, fyrirvar gagnvart alþjóðlegum dómstól og stefnumörkun á vettvangi utanríkismála. Þingsályktunartillagan felur í sér annars vegar tillögu sem varðar framlagningu frumvarps til laga um að vistmorð verði bannað að landslögum, en hins vegar tillögu um að ríkisstjórninni verði falið að leggja tillögu fyrir þing aðildarríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins um að vistmorð verði viðurkennt í Rómarsamþykktinni sem brot á alþjóðalögum sem falli undir lögsögu dómstólsins. Síðari hluti tillögunarinnar varðar utanríkismál Íslands og væri því almennt til umfjöllunar hjá utanríkismálanefnd.

Svo sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar hefur vistmorð (e. ecocide) verið skilgreint á alþjóðlegum vettvangi og til umræðu hefur verið með hvaða hætti saksækja megi fyrir slík brot. Vísað er í tillögunni til umræðu í þjóðþingum annarra ríkja og ákalli m.a. Vanatú og Maldíveyja að vistmorð verði viðurkennt sem alþjóðaglæpur í Rómarsamþykktinni um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur lögsögu í málum er varðar alvarlegustu glæpi sem gjörvallt samfélag þjóðanna hefur áhyggjur af, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Nú um stundir er verulega aukið álag á dómstólinn vegna átaka víða um heim auk yfirstandandi stríðs Rússlands gegn Úkraínu, og vænta má aukins málafjölda. Fjöldi ríkja hefur nýlega stutt sérstaklega við dómstólinn með fjármagni eftir ákall frá honum, þar á meðal Ísland. Ráðuneytið telur mikilvægt að þetta mál fái gaumgæfilega skoðun áður en lagt er til af Íslands hálfu að útvíkka lögsögu dómstólsins svo hún nái til nýrra flokka brota.

Þess má geta að fjallað var um málefnið á vettvangi danska þingsins í apríl sl. þar sem hugmyndir um vistmorð þóttu áhugaverðar og lögð var áhersla á mikilvægi náttúruverndar. Þó var talið að á þessari stundu væri Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn að eiga við afar stór og flókin verkefni við rannsókn og saksókn þeirra glæpa sem þegar heyra undir hann. Þingið hvatti ríkisstjórnina til þess að halda áfram þátttöku í umræðu um vistmorð á viðeigandi alþjóðlegum vettvangi, en lagði ekki til nein ákveðin skref í þá átt. Hér má finna slóð á meðferð málsins í danska þinginu, <https://www.ft.dk/samling/20211/forespoergsel/f38/index.htm>.

Komi til þess að ákveðið verði að leggja fram tillögu á vettvangi Alþjóðlega sakamáladómstólsins af Íslands hálfu, þarf undirbúning og samráð á alþjóðavettvangi til þess að vinna slíkri tillögu fylgi. Stefnumörkun og ákvörðun um leiðir í því efni yrði til umræðu á vettvangi ríkisstjórnar og utanríkismálanefndar Alþingis. Mikilvægt er að Ísland taki áfram virkan þátt í umræðu um vistmorð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar í alþjóðasamstarfi í góðu samstarfi við líkt þenkjandi ríki eins og hin norrænu ríkin. Leitað verði leiða til þess að draga til ábyrgðar og saksækja vegna brota sem skilgreind hafa verið sem vistmorð.

Ráðuneytið leggur því til að ályktunarorð tillögunar endurspegli slíka nálgun, en feli ekki í sér bein tilmæli um málflutning Íslands á þingi Alþjóðlega sakamáladómstólsins.